



Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir janúar til maí 2022

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á tímabilinu janúar til maí 2022:

26. janúar
9. mars
6. apríl
11. maí

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán fyrir allt að 25.000 m.kr. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, þ.e. í skuldabréfaflokkum RVK 53 1, RVK 32 1, RVKG 48 1 (verðtryggðir) og í skuldabréfaflokkum RVKN 35 1 og RVKNG 40 1 (óverðtryggðir).

Eins og á síðasta ári er lagt til að ákveða útboðsdagsetningar fyrirfram til að vera með ákveðinn fyrirsjáanleika í útboðum varðandi tímasetningu þeirra. Útgáfuáætlunin nær þó eingöngu fram í maí þar sem kosið verður til sveitastjórna 14. maí og ekki liggur fyrir fundardagatal borgarráðs eftir kosningar.

Einungis eru ákveðnar dagsetningar útboða en ekkert nánar um hvert útboð. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn eða í hvaða skuldabréfaflokki er boðið út, heldur er sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs